Nd. **172. Nefndarálit**

um frv. til laga um verðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

3 nefndarmanna eru ásáttir um að mæla með því, að frv. sé samþ. með nokkrum breytingum á 8. gr. frv. Einn nefndarm. (HV) hefir sérstöðu og mun gera grein fyrir henni í sérstöku nál. Einn nefndarmanna (ÓTh) hefir óbundið atkvæði um málið.

Brtt. lúta að því, ýmist að gera skýlausari ákvæði um einstakar vörutegundir, sem ætla má, að féllu undir vöruflokk greinarinnar, hvort sem þær væru upp taldar eða ekki, og að hinu leytinu viðbót við undanþáguflokkinn.

Um tilfærslu á vörum milli tollflokka hefir orðið umtal í nefndinni, en ekki náðst samkomulag um ákveðnar brtt.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

Við 8. gr.

a. Stafliður a orðist svo: Aflvakar, aflvélar og frystivélar og hlutar í þær, nema í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar, brjóstsykursgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Nýr stafliður á milli e og f (stafl. breytast samkv. því): Fiskábreiður, fiskumbúðastrigi.
c. Aftan við staflið n bætist: Kennslutæki og vísindaáhöld.
d. Nýr stafliður á milli n og o: Rafmagnsperur.
e. Aftan við staflið q bætist: og loftskeytastöðva.
f. Aftan við staflið s bætist: Stálvírar og kaðlar.

g. Nýr stafliður á milli v og x: Útvarpstæki.
h. Nýr stafliður á milli v og x: Vindur (spil).

Alþingi, 14. marz 1931.

H. Stefánsson, form. og frsm. | Sig. Eggerz. | Ásgeir Ásgeirsson.